



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Skilvirk nýting fjármagns í leik-og grunnskólahaldi.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt


Erindið

- Í umræðum um skólamál takast iðulega á þau sjónarmið annarsvegar að rekstur skólanna sé dýr og hinsvegar að ekki sé veitt nægilega miklu fé til skólanna.
 - Hvað er dýr skóli?
 - Hvenær finnst okkur skólastarf vera orðið dýrt?
 - Hvenær verður skólahald skilvirkt?



Sveitarfélagið Vogar
færst í vöxt

Hlutfall helstu málaflokka af útgjöldum eftir íbúafjölda





Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Samfélagssáttmáli

- Sátt í samfélaginu um að hið opinbera reki leik- og grunnskóla að mestu fyrir skattfé
- Árið 1996 var ábyrgð á rekstri grunnskólans flutt til sveitarfélaganna, m.a. með það fyrir augum að staðbundin sjónarmið og stefna hafi áhrif á framkvæmd skólastarfs
- Ef það er sátt um framkvæmd, útgjöld og árangur skóla, þá er hann varla dýr?
 - Útgjöld og árangur fara saman



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Hlutverk kjörinna fulltrúa

- Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins
 - Lýðræðislegt umboð. Tengsl við samfélagssáttina.
- Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt
 - Grunnskólinn er lögbundið verkefni
 - Leikskólinn er valkvætt verkefni
- Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélagsins og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast
 - Marka stefnuna, ákvarða fjármagnið og fylgja því eftir að framkvæmt sé í samræmi við stefnu og fjármagn.



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Er sátt?

- Átök og umræður síðustu ára um kjaramál starfsmanna skóla og árangur í skólastarfi gefa vísbendingar um að ekki sé sátt um framkvæmd, útgjöld og árangur skólahalds.
- Skattgreiðendur virðast ekki allir vera sáttirvið þau laun sem starfsmönnum skóla er boðið upp á
 - En hafa jafnframt bent á að þeir búa að mörgu leyti við góð kjör
- Skattgreiðendur virðast ekki allir vera sáttir við að námsárangur á Íslandi sé í PISA könnunum lakari en þeirra þjóða sem við berum okkar saman við.
- Það gefur vísbendingar um að skólahald á Íslandi sé ekki nógu skilvirkt, og því væntanlega of dýrt



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Staðan

- Mikill munur er á kostnaði við rekstur grunnskóla eftir sveitarfélögum.
 - Árið 2004 frá 528 þús.kr. upp í 3,4 m.kr. á hvern nemanda.
- Skýrist fyrst og fremst af mismunandi stærð skóla og þar með misgóðri nýtingu stöðugilda.
 - 1,5 til 10 nemendur á hvert stöðugildi starfsfólks
- Framlög til grunnskóla hér á landi há miðað við nágrannalöndin án þess að árangur íslenskra nemenda sé í fremstu röð.
 - fé sem varið er til skólamála hér á landi nýtist illa til að auka námsárangur grunnskólanema.
 - Aukin fjárframlög til grunnskólans hafa leitt af sér minni bekkjardeildir og 40% fjölgun stöðugilda við skólana á síðustu árum án þess að sýnt hafi verið fram á bættan árangur.



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Staðan

- Ljóst er að gæðaöryggi er ábótavant í íslenska grunnskólakerfinu.
 - Vísbendingar eru um að fáeinir skólar skeri sig úr að því leyti að árangur nemenda er endurtekið langt undir meðaltali.
- Ekki virðist sjálfgefið að hægt sé að bæta árangur nemenda með því að auka frekar framlög til skólamála og vísbendingar eru um að vandinn liggi fremur í innri gerð skólakerfisins.
 - Fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um áhrif útgjalda til skólamála á árangur skólastarfs og virðist hvorki vera hægt að fullyrða né hafna því að aukin fjárútlát leiði til bætts námsárangur
 - samstaða um að aðstæður nemendanna hafi veruleg áhrif, ekki síst menntun foreldra



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Samanburður við aðra

- Rannsóknir OECD benda til þess að framleiðni í íslenskum grunnskólum sé ófullnægjandi.
 - Skattgreiðendur halda úti einu dýrasta grunnskólakerfi innan OECD meðan laun kennara teljast fremur lág í alþjóðlegum samanburði en ná meðaltali ef tekið er tillit til virkra kennslustunda
 - Námsárangur er nálægt meðaltali annarra OECD ríkja.
- Óhagræðið bitnar því bæði á launum kennara og árangri nemenda.
- Í annarri úttekt OECD eru færð rök fyrir því að vissir stofnanalegir þættir hindri skilvirkni íslenska grunnskólakerfisins, m.a. takmarkað ákvörðunarvald skólastjórnenda.



Sveitarfélagið Vogar
... færst í vöxt

Skilvirkni

afurðir

———— = skilvirkni

aðföng



Sveitarfélagið Vogar
færst í vöxt

Skilvirkni í skóla

- Aðföng
 - Kennarar
 - Húsnæði og búnaður
 - Nemendur sem hefja nám
- Afurðir
 - Útskrifaðir nemendur
- Gæði afurðanna tengd
 - Eiginleika aðfanganna
 - Ferla á „framleiðslutíma”



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt



- Góð nýting aðfanga er leiðin að aukinni skilvirkni
 - Starfsfólk
 - Húsnæði og búnaður
- Er nýtingin nægilega góð?
 - Nemendum fer fækkandi
 - Skólum fækkar og þeir stækka
 - Starfsfólki fer fjölgandi og hæfni þeirra eykst
 - Rekstrarkostnaður fer vaxandi



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Þróun grunnskóla 2004- 2006

	Breyting 2004-2006
• Nemendur	-1%
• Grunnskólar	-8%
• Starfsfólk við kennslu	7%
• Annað starfsfólk	3%
• Rekstrarkostnaður	15%



Sveitarfélagið Vogar
færst í vöxt

Þróun leikskóla 2004-2006

	Breyting 2004-2006
• Nemendur	3%
• Heilsdagsígildi barna	6%
• Leikskólar	2%
• Starfsfólk við uppeldi og menntun	7%
• Annað starfsfólk	-5%
• Allt starfsfólk	8%
• Rekstrarkostnaður	28%



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Aðföngin fara batnandi

- Kennurum með réttindi fer fjölgandi, meðan réttindalausum kennurum fer fækkandi.
 - Hæfnin er því að aukast. Aðföngin kennarar ættu öllu jöfnu að vera betri en áður.
- Húsnæði skóla hefur tekið miklum breytingum í kjölfar einsetningar og þess að sveitarfélögin tóku við rekstri málaflokksins.
 - Aðföngin húsnæði ættu því að vera betri en áður.
- Nemendum hefur fækkað og starfsfólki fjölgað.
 - Ætti að vera auðveldara að halda utanum „framleiðsluferlana” en áður



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Leiðir til að auka skilvirkni

- **Betri nýting mannauðs**
 - Þjálfá skólastjórnendur í mannauðsstjórnun
 - Fjölga nemendum á hvern kennara án þess að stækka bekkjardeildir um of, eða auka álagið á einstaka kennara
 - Góð reynsla af hópakennslu, t.d. í Norðlingaholti og Sjálandsskóla
 - Draga úr miðstýrðum vinnutímaskilgreiningum
- **Betri nýting húsnæðis**
 - „Skóli er fólk ekki hús”
 - Sum sveitarfélög offjárfest í skólahúsnæði
 - Nýta skólahúsnæði fyrir aðrar deildir sveitarfélagsins
 - Auka tekjur með sölu aðgangs að húsnæðinu



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Áhrif sveitarstjórna

- Stærsti málaflokkurinn krefst mikillar athygli
 - Sveitarstjórnarmenn verða að setja sig vel inn í reksturinn
 - Þekkja helstu stærðir og kostnaðartölur
- Setja sig inn í kjarasamninga og reyna að nýta tækifæri og heimildir sem þar er að finna
 - Ekki afskrifa kjarasamningana sem flókna og óskiljanlega
- Ekki eyða of miklum tíma í smáatriði



Sveitarfélagið Vogar
... færir í vöxt



- Leiðin að skilvirkri nýtingu fjármagns í skólastarfi er við ákvarðanir um fjárfestingar og nýtingu húsnæðis og nýtingu mannauðsins.
 - Fækka skólum
 - Fara varlega í fjárfestingar
 - Fjölga nemendum á hvern kennara
 - Halda áfram að auka hæfni starfsfólksins



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Sveigjanleiki

- Aðstæður mjög mismunandi og því mikilvægt að draga úr miðstýringu í lögum, reglum og kjarasamningum
 - Vinnutímaskilgreining kennara í kjarasamning er dæmi um miðlæga stýringu af þessu tagi sem sveitarstjórnarmenn hafa bent á
- Kennarar og skólayfirvöld verða að hafa tækifæri til að haga skipulagi í samræmi við aðstæður á hverjum stað
- Jákvæð skref stigin undanfarin misseri
 - Vinna við sameiginlega sýn í skólamálum
 - Ný lög
 - Nýr kjarasamningur
 - Tilraunaverkefni á grundvelli bókunar 5
 - Upplýsingaöflun og miðlun sífellt að batna



Sveitarfélagið Vogar
færist í vöxt

Aukin skilvirkni allra hagar !

- Skattgreiðendur gera kröfu um skólarnir skili vel menntuðum og hæfum einstaklingum
- Skattgreiðendur gera líka kröfu um að vel sé farið með þeirra fé
- Það blasir við að allir hagsmunaaðilar þurfa að leggja sitt af mörkum til að sá árangur náist.
 - Sveitarfélögin, menntamálayfirvöld, kennarasamtökin, foreldrar og fræðasamfélagið
- Við erum jú öll skattgreiðendur og ábyrgðin sameiginleg